

Efni: Beiðni um fjármögnun nauðsynlegra viðhaldsframkvæmda á Kirkjuhvoli

Hér með sendir sóknarnefnd Garðasóknar, bæjarráði Garðabæjar, formlega beiðni um fjármögnun nauðsynlegra viðhaldsframkvæmda á húseigninni Kirkjuhvoli við Kirkjulund. Húseignin er í sameiginlegri eigu Garðasóknar og bæjarins. Sóknarnefndin hefur umsjón með viðhaldi og rekstri hússins og hefur á undanförnum misserum rætt að ekki verði lengur dregið að ráðast í nauðsynlegar viðhaldsaðgerðir á Kirkjuhvoli. Ákveðið var sl. vetur að fá fagaðila til að meta ástand hússins að utanverðu og til hvaða viðhaldsaðgerða þyrfti að ráðast í og reyna að leggja mat á áætluðan kostnað. Verkfræðistofan Verkís var fenginn til verksins og skilaði hún skýrslu til Þórunnar Birnu Björgvinsdóttur, f.h. Garðasóknar í ágúst sl. Er skýrslan meðfylgjandi erindi þessu.

Í skýrslunni er kostnaður gróflega metinn á þeim viðgerðum sem Verkís telur að ráðast verði í. Í niðurlagi skýrslunnar segir: „Viðhald er orðið aðkallandi á byggingunni. Útveggir eru töluvert sprungnir og með sprungna kanta. Þá eru ryðguð steypujárn í yfirborði steypu farin að sprengja steypuhuluna út frá sér.” Ennfremur segir: „Í þessari greinargerð er reynt að meta líklegan kostnað við viðgerðir. Nokkur óvissa er þó í nokkrum liðum og kemur raunverulegt umfang þeirra ekki í ljós fyrr en viðgerðir eru hafnar.” Í skýrslunni er heildarupphæð framkvæmda áætluð 20,1 milljón króna en þó með fyrrnefndum fyrirvörum.

Heildarfjöldi íbúa sem kemur í kirkjuna og Kirkjuhvol í viku hverri er mikill. Húsnæðið er notað fyrir allt kirkjulegt starf í Garðasókn og auk þess er húsnæðið nýtt af Garðabæ, og samtökum í Garðabæ. Sóknarnefnd leggur áherslu á að ekki sé rétt að bíða með viðhaldsframkvæmdir því vitað sé að þá aukist einungis kostnaður. Auk þess er byggingin staðsett hátt í bæjarfélaginu og sést víða að, er ákveðin „varða” og hvorki Garðasókn né Garðabæ til sóma ef hún fer að að láta verulega á sjá og virka sóðaleg og vanhirt.

Með erindi þessu óskar sóknarnefnd eftir að Garðabær standi straum af kostnaði vegna viðhalds húseignarinnar í samræmi við eignarhlutfall sitt.

Sóknarnefnd hefur ávallt átt í góðum samskiptum við bæjaryfirvöld og ef bæjarráð vill fá frekari útskýringar eða ræða málið frekar þá er sóknarnefndin reiðubúin til þess.

Í lokin vill sóknarnefnd einnig óska eftir fjárstuðningi vegna verkefna kirkjugarðsins í Görðum á næsta ári, s.s. stækkun garðsins og þegar vorar þarf að setja vatns- og rafmagnslagnir og útbúa stíga. Samstarf bæjaryfirvalda og kirkjugarðsins í sumar tókst mjög vel hvað viðvíkur að tiltekin ungmenni í gegnum bæjarvinnuna sinntu umhirðu garðsins. Er ósk sóknarnefndar að sami háttur verði hafður á, á næsta ári.